



ÚRSKURÐAR- OG AGANEFND LH

Úrskurður 4/2023

ÚRSKURÐUR

Á fundi sem haldinn var 12. júní 2023 fjallaði Úrskurðar- og aganefnd um atvik sem varðar Söru Dögg Björnsdóttur, en hún afskráði sig of seint úr A-úrslitum í A-flokki ungmenna á gæðingamóti Sörla sem fram fóru sunnudaginn 4. júní kl. 11.50, en Sara Dögg hafði unnið sér rétt til að taka þátt í þeim úrslitum á hrossinu Berki frá Holti.

Málsatvik

Í mótaskýrslu segir:

Sara Dögg Björnsdóttir lét vita 20 mín fyrir úrslit að hún mætir ekki í úrslitin og fær því rautt spjald og hennar ár[á]ngur á mótinu verður því strokaður út.

Ekki kemur fram í mótaskýrslu að yfirdómari eða yfirdómefnd hafi úrskurðað keppandann í keppnisbann líkt og þeim bara að gera samkvæmt 4. mgr. greinar Í1.7. (Dregið til baka úr keppni) í lögum LH.

Í ofangreindri reglu segir að keppandi sem ekki ætli að taka þátt í úrslitum skuli afskrá hest sinn úr úrslitum a.m.k. einni klukkustund áður en úrslit hefjast en eftir það tímamark sé einungis hægt að draga hest úr úrslitum að fyrir liggi “staðfesting á því að hesturinn (skoðaður af dýralækni á keppnisstað) eða knapinn (samkvæmt læknisvottorði) teljist ekki hæfur til keppni, eða slíkt er ákvarðað af yfirdómara. Að öðrum kosti er knapi dæmdur úr leik og allur árangur hans á mótinu strikast út. Yfirdómari skal tafarlaust senda tilkynningu til skráningar keppnisbanna og aðvarana hjá FEIF (e. FEIF Registrar of Bans and Warnings) og dæma knapa í tveggja vikna keppnisbann er hefst á mánudegi eftir að móti lýkur” eins og segir í reglunni.

Þar sem atvikið var ekki tekið til afgreiðslu af yfirdómara og yfirdómnefnd, tók Úrskurðar og aganefnd atvik þetta til afgreiðslu, samanber 8. mgr. gr. 4.3 í Reglugerð um mótahald á Íslandi.

Með tölvupósti dagsettum 9. júní sl. var keppandanum tilkynnt að atvik þetta væri til umfjöllunar hjá Úrskurðar- og aganefnd og að í samræmi við ákvæði 4. mgr. greinar Í1.7 telji nefndin að brot þetta varði til viðbótar því að ógilda árangur keppanda á mótinu (líkt og gert var og fram kemur í mótaskýrslu), tveggja vikna keppnisbanni. Var henni gefinn kostur á því að koma á framfæri skriflegum mótmælum eða athugasemdum.

Engar athugasemdir eða mótmæli bárust frá keppandanum.

Niðurstaða

Samkvæmt 4. mgr. greinar Í1.7, skal keppandi sem ekki hyggst taka þátt í úrslitum, afskrá hest sinn úr úrslitum a.m.k. einni klukkustund áður en úrslit hefjast. Eftir það tímamark er “einungis unnt að draga sig til baka úr úrslitum liggi fyrir staðfesting á því að hesturinn (skoðaður af dýralækni á keppnisstað) eða knapinn (samkvæmt læknisvottorði) teljist ekki hæfur til keppni, eða slíkt er ákvarðað af yfirdómara”, eins og segir í 4. mgr. greinar Í1.7.



ÚRSKURÐAR- OG AGANEFND LH

Úrslit í þeirri keppnisgrein sem keppandi átti að taka þátt í byrjuðu kl. 11.50 sunnudaginn 4. júní. Fyrir liggur að keppandinn afskráði hest sinn úr úrslitum 20 mínútum áður en úrslit áttu að hefjast, sem er brot á ofangreindri reglu.

Sé þessi regla brotin eru viðurlögin þau að keppandi skal dæmdur úr leik, allur árangur hans á viðkomandi móti skal strikaður út og hann skal dæmdur í tveggja vikna keppnisbann sem skal hefjast á mánudegi eftir að móti líkur.

Í mótaskýrslu kemur fram að allur árangur keppanda á mótinu hafi verið strikaður út, en ekki var tekin ákvörðun um keppnisbann.

Móti þessu lauk á sunnudeginum 4. júní sl. og í samræmi við ofangreinda reglu er það niðurstaða Úrskurðar- og aganefndar að keppandi skuli vera í keppnisbanni frá og með mánudeginum 5. júní til mánudagsins 19. júní 2023 og að allur keppnisárangur hennar á mótinu skuli strikast út líkt og fram kemur í mótaskýrslu.

ÚRSKURÐARORÐ

Keppandinn Sara Dögg Björnsdóttir skal vera í keppnisbanni frá og með mánudeginum 5. júní til mánudagsins 19. júní 2023 og allur keppnisárangur hennar á gæðingamóti hestamannafélagsins Sörla sem haldið var 2. – 4. júní skal strikast út.

Reykjavík 12. júní 2023

Ólafur Haraldsson, formaður

Pétur Örn Sverrisson

P.Skorri Steingrímsson